

Opinn hugarflugsfundur haldinn í Auðarskóla 28. nóvember 2019, að frumkvæði menningarmálanefndar Dalabyggðar.


Níu manns mættu og skipt var í hópa sem unnu sjálfstætt og ræddu svo saman um það sem fram hafði komið í hverjum hóp.

Fundinum stjórnaði Bjarnheiður Jóhannsdóttir. Valdís Einarsdóttir safnvörður sat einnig fundinn og gaf allar þær upplýsingar um safnið sem upp komu í spurningum fundarmanna.

Viðfangsefni fundarins var að fjalla um framtíð safnsins, bæði starf og aðstöðu þess.

Hvað hefur heppnast best af því sem verið hefur í boði á vegum safnsins?

Rætt var almennt um það sem safnið hefur verið að miðla til almennings og þykir miðlun safnsins mjög vel heppnuð á allan hátt, en fundarmenn voru fengnir til að tjá sínar persónulegu skoðanir á hvað er best heppnað. Var unnið úr svörum og þetta er niðurstaðan:



Sjá má að söguröltið ef nefnt af nánast öllum, enda mjög fjölbreytt efnistök og miðlunin í boði vítt og breitt um héraðið. Fundarmenn skýrðu í einhverjum tilfellum skoðanir sínar, eins og sjá má:

„Söguröltið fær mann til að kynnst sveitinni öðru vísi.“

„Sögurölt og sögustundir gera söguna lifandi og virkja fólk félagslega í leiðinni.“

„Sögustundir eru fróðlegar og efnistök áhugaverð“

Næst var tekið fyrir hverjir væru helstu markhópar safnsins og hér er það sem kom fram:

Þeir hópar sem fundurinn nefndi voru: Heimamenn, brottfluttir Dalamenn, innlendir ferðmenn og erlendir, börn, unglingar, nemendur í ýmsum skólum, eldri borgarar og fræðimenn. Jafnvel voru nefndir ókomnir/ófæddir íbúar og framliðnir, sem er verið að sinna með skráningu og varðveislu.

Markhópunum var ekki forgangsraðað en mikilvægt að horfa til þeirra þegar safnið miðlar, því þarfir þessara hópa eru talsvert ólíkar.

Vinnuhóparnir fengu svo það verkefni að segja til um hvort þeir teldu að sinna ætti einstökum markhópum öðru vísi en gert er í dag.

Punktarnir sem fram komu:

- Erlendum ferðamönnum þarf að sinna öðru vísi en Íslendingum, þarf að miðla sögunni öðru vísi, t.d. með merkingum eða appi sem skýrir gripina og söguna á bak við
- Mætti sinna markhópum í smærri og afmarkaðri hópum
- Má ná meira til innlendra og erlendra ferðamanna með smásýningum á þeim stöðum sem þeir koma á, sem vísi svo til aðalsýningar
- Byggðasafn er nærsaga, segir frá einstaklingum og minni atriðum en stærri söfn
- Sagnir og framsetning sem er aðlaðandi fyrir börnin
- Mætti vera aðstaða til tímabundinna sýninga fyrir utan fasta sýningu
- Meiri tenging við skólana, samtvinnu safnið við það sem börnin eru að læra hverju sinni

Ætti að bjóða upp á einhverja starfsemi sem ekki er í boði í dag?

Þarna var verið að fiska eftir því hvort eitthvað gæti styrkt núverandi starfsemi safnsins, sem ekki hefur verið í boði. Punktarnir sem fram komu eru:

- Hægt væri að setja upp valdar sýningar hingað og þangað, sem síðan vísa með skýrum hætti í aðalsýningu safnsins. Getur verið glerkassi eða eitthvað mjög afmarkað rými (eða veggur), sem er á stöðum þar sem margir koma.
- Má vera aðstaða fyrir fjölskyldur, t.d. til beyjuskipta
- Kaffiveitingar eða önnur veitingasala mundi fá fólk til að koma á staðinn og stoppa lengur
- Skráning og rannsóknir mættu skapa fleiri störf, þarf fjármagn til
- Aðstaða fyrir fræðimenn
- Miðla í almennum rýmum sveitarfélagsins eins og er í stjórnsýsluhúsinu
- Ljósmyndasýningar
- Nýta Dalapóstinn til að miðla einhverju um safnið, s.s. getraunir eða fróðleikur
- Aðgengi þarf að vera fyrir alla að sýningum og aðstöðu safnsins
- Leiðbeiningar og upplýsingar á mörgum tungumálum

Loks var spurt hvort einhverju væri ofaukið í starfsemi safnsins eins og hún er í dag og var það afgerandi niðurstaða fundarins að engu væri ofaukið.

Staðsetning

Seinni hluti fundarins var helgaður staðsetningu safnsins og þeirri aðstöðu sem er nauðsynleg til að það geti sinnt faglegu starfi.

Rætt var fyrst um hvaða aðstaða er nauðsynleg fyrir safn eins og byggðasafnið.

Punktarnir sem fram komu um það eru:

- Geymslur sem eru öruggar, hægt að stýra hita og raka þannig að viðkvæmir gripir spillist ekki. Þær þurfa ekki að vera í sama húsnæði og safnið, en gott að aðgengi sé gott og þær ekki of fjarri.
- Geymslur þarf að stækka miðað við núverandi safnkost

- Vinnuaðstaða fyrir skráningu
- Góð rannsóknaraðstaða
- Sýningarsvæði má gjarnan vera um 300 fm
- Gott að hafa rými þar sem hægt er að setja upp tímabundnar sýningar, ekki síður en fastar
- Sýningarrými þarf að vera þannig að það sé hægt að útiloka sólarljós vegna viðkvæmra gripa
- Aðgengismál þurfa að vera í lagi
- Veitinga- og fundaraðstaða þarf að vera fyrir hendi
- Íbúðaraðstaða fyrir rannsakendur væri æskileg
- Öll rými þar sem gripir eru geymdir (sýningar/geymslur/rannsóknaraðstaða) þurfa að uppfylla kröfur um öryggi, þannig að gripum sé ekki hættu búin af vatni, eldi eða öðrum þeim þáttum sem geta valdið skemmdum.

Að öðru leyti komu fram þessi punktar um hvað staðsetningin þarf að hafa til að bera:

- Staðurinn sé áhugaverður með tilliti til þess að stoppa, náttúra og saga geta þarna skipt máli
- Samgöngur til og frá staðnum þurfa að vera öruggar
- Gott að staðurinn sé tengdur góðri ferðaleið, til að mynda hringvegi 2
- Miðpunktur þar sem fólk stoppar sem kemur í Dalina

Þegar hóparnir voru beðnir að leggja fram tillögur að staðsetningu nefndu allir hóparnir Staðarfell, en einnig komu fram hugmyndir um húsnæði Auðarskóla, Dalabúð, íþróttahúsið á Laugum og stjórnsýsluhúsið í Búðardal.

Kostir og gallar hvers staðar fyrir sig voru ræddir og Auðarskóli og stjórnsýsluhúsið þóttu bæði áhugavert húsnæði, en hvort tveggja kallaði á miklar skipulagsbreytingar, með tilheyrandi kostnaði. Íþróttahúsið á Laugum er rúmgott og stutt að flytja safnið, en eftir sem áður vantar útisvæði fyrir safnið. Dalabúð þótti áhugaverð vegna nálægt sinnar við aðra þjónustu og skólann, sem gæti skapað spennandi samnýtingarmöguleika, en ókostirnir að þá yrðu engin böll og Leifsbúð og safnið yrðu of nálægt hvort öðru. Staðarfell þykir henta ljómandi vel, vegna sögunnar, vegna fjölbreytts húsnæðis á svæðinu, möguleika á útisvæði, vegna fallegrar staðsetningar og möguleika á fræðimannaaðstöðu. Þar sáu fundarmenn einnig fram á að möguleiki yrði á því að afla hollvina sem gætu hugsað sér að leggja safninu lið á einhvern hátt, s.s. skjólstaðingar SÁÁ og fyrrum nemendur kvennaskólans. Helsti ókosturinn er samgöngur að vetri og nokkur kostnaður við að koma húsnæði í gott horf.

Fleiri hugmyndir voru ræddar að lausn mála hjá safninu, m.a. sameining við önnur söfn, s.s. að stofna Byggðasafn Vesturlands, en fundarmenn voru sammála um að það bráðliggi á varanlegu húsnæði sem geti fullnægt þörfum safnsins, þannig að það endi ekki í geymslum næstu áratugina.

Einnig var lítillega rætt um rekstrarform safnsins, en hægt er bæði að reka byggðasafn með núverandi formi, en einnig sem sjálfseignarstofnun.

Menningarmálanefndin var hvött til að setja þrýsting á sveitarstjórn um að finna farsæla lausn á málefnum safnsins hið allra fyrsta.